

Mættir: Kristján Geirsson, Ragnheiður Garðarsdóttir, Arnar Stefánsson, Magnús Andrésdóttir og Helga Erla Albertsdóttir.

Heiðarskóli 4. september 2017 kl. 20:00. Fundargerð Kristján Freyr Geirsson, formaður

---

**Dagskrá:**

1. Hlutverk og verkskipting stjórnarmanna
2. Staða fjármála
3. Seta í skólaráði
4. Verkefni vetrarins
5. Bekkjarfulltrúar
6. Starfsáætlun fyrir FFGÍR
7. Önnur mál

**1. Hlutverk og verkaskipting stjórnarmanna**

Hlutverk stjórnarmanna óbreytt frá síðasta ári.

**2. Staða fjármála**

Aðalbók 9.700 kr.

**3. Seta í skólaráði**

Arnar og Ragnheiður sitja áfram í skólaráði.

**4. Verkefni vetrarins**

Verkefni vetrarins svo sem óbreytt – hefðbundnum verkefni áfram sinnt eins og undanfarin ár.

**5. Bekkjarfulltrúar**

Staða bekkjarfulltrúa að fara af stað – samkvæmt upplýsingum frá Þorbjörgu ritara þá hefur hún ekki fengið neinar upplýsingar frá kennurum um stöðu mála. Þorbjörg ætlaði að ítreka þetta við kennara.

**6. Starfsáætlun fyrir FFGÍR.**

Krissi ætlar að afgreiða þetta við FFGÍR.

**7. Önnur mál**

Flokkun úrgangs. Stjórnarmenn sammála að ræða við skólastjórnendur varðandi útgangsmál, spurning um að fá tunnur fyrir börnin í stofur eða á ganginn við stofurnar þannig að börnin geti hent rusli og ílátum undan nesti þar í. Sammála að boða skólastjórnendur á næsta fund og fara yfir málið.

Tillaga kom um að færa fundartíma til kl. 19:30 í stað kl. 20:00. Samþykkt af stjórnarmönnum.

*Fundi slitið 21:00*

